

Falsvinir í venjubundnu myndmáli¹

1.1 Falsvinir þýðandans

[...]

Hugtakið „falsvinir“ eða „falsvinir þýðandans“, eins og þeir hafa einnig verið nefndir, er alþekkt viðfangsefni í tvímála orðabókafræði, kennslu erlendra tungumála og þýðingum, enda hafa ítarlegar rannsóknir verið gerðar á þessu sviði,² sjá t.d. Wandruska (1978, 1979); Neuhaus (1988); Gorbahn-Orme og Hausmann (1991), Kroschewski (2000), Chamizo Domínguez og Nerlich (2002). Falsvinir þykja einkum áhugaverðir í kennslufræði erlendra tungumála og þýðingafræði, þar sem áhersla er lögð á að koma í veg fyrir hugsanlegar þýðingavillur. Eftirfarandi er almenn (og einföld) skilgreining á falsvinum þýðandans:

Falsvinir eru orð sem eru áþekkt eða líta eins út í tveimur tungumálum en hafa ekki sömu merkingu.

1 Þýðing 5. kafla bókarinnar *Figurative Language: Cross-Cultural and Cross-Linguistic Perspectives* eftir D. Dobrovol'skij og E. Piirainen. Elsevier, 2005 (Amsterdam etc.). Númerum kafla og undirkafla var breytt.

2 Í rafrænni heimildaskrá yfir stiklutekta um falsvini (www.uni-bonn.de/-dbuncuc/ffbib_un.htm) eru yfir 620 flettur, en flestar fjalla þær einungis um einyrta falsvini.

Falsvinir eru afar algengir í öllum tungumálum. Það skýrist einkum af margs konar sögulegri þróun sem hefur áhrif á merkingu orða og finnst einkum í tveimur meginflokkum. Í þeim fyrri eru áþekk eða eins orð í tveimur náskyldum tungumálum þar sem merkingin hefur þróast hvor í sína átt, t.d. *gift* „gjöf“ í ensku og *Gift* „eitur“ í þýsku, en bæði þessi orð eru komin af fornþýsku sögninni **geban* „gefa“. Bæði orðin *gift*/*Gift* merkja þess vegna eitthvað sem við getum *gefið* öðrum (hvort heldur það er eitur eða gjöf). Það sama gildir um mörg orð í hinum náskyldu tungumálum eistnesku og finnsku. Eistneska orðið *rahvas*, „fólk“, er af sama uppruna og finnska orðið *rahvas* sem þýðir „skráll, lýður“ og er notað á niðrandi hátt um landsbyggðarfólk.

Síðari flokkurinn er mun stærri og í honum eru svonefnd „alþjóðaoð“ (e. *internationalisms*), orð af grískum eða latneskum uppruna sem önnur tungumál hafa ítrekað fengið að láni á ýmsum skeiðum málsögunnar. Þau taka oft mismunandi merkingarlegum breytingum í tveimur eða fleiri tungumálum, þrátt fyrir sameiginlegan uppruna. Svipuð málsöguleg þróun gat leitt til fjölmerkingar (e. *polysemy*) og/eða samyrðingar (e. *homonymy*) innan sama tungumáls. Nærtæk dæmi eru orð sem komin eru af latneska orðinu *concursum* en hafa fengið aðra merkingu með tímanum. Nokkur þessara orða merkja „gjaldþrot“ (t.d. þýska *Konkurs*, finnska *konkurssi*, og annað af tveimur samyrðum í slóvensku, *konkurz* 1). Annar orðahópur merkir „samkeppni, keppni í tónlist- eða listsköpun“ (franska *concours*, rússneska конкурс (*konkurs*), japanska コンコクー)ル (*konkūru*), o.s.frv.). Slóvenska orðið *konkurz* 2 „erindi flutt í samkeppni um (opinbert) starf“ tilheyrir þessum hópi. Enn aðrar merkingar má finna í enska orðinu *concourse*, 1. „anddyri“, 2 „mannsöfnuður“. 3 „samrennsli“ o.s.frv.

Annað dæmi um falsvini af þessu tagi er franska orðið *pamphlet* „níðrit“ og japanska orðið パンフレット (*panfuretto*) „auglýsingabæklingur“. Bæði orðin voru fengin að láni úr ensku og þar hafa báðar merkingar orðsins varðveist: 1. pési, bæklingur, hefti, dreifibréf, og 2. deilurit, skammarit. Falsvinum af þessari gerð (einyrtum falsvinum) hafa verið gerð góð skil og er þá að finna víða í tvímála orðabókum og orðalistum yfir falsvini.

1.2 Falsvinir í venjubundnum myndhverfum máleiningum

Falsvinir er hugtak sem á rætur að rekja til tungumálakennslu. Þó að rannsóknir á sviði einyrtra falsvina séu víðtækar hefur lítið verið hugað að falsvinum innan orðtaka, eða falsvinum í föstum orðasamböndum (e. *phraseological false friends*), eins og þeir eru einnig nefndir. Hér á eftir verður í stuttu máli fjallað um hugtakið *falsvinir í föstum orðasamböndum* og vísað í rannsóknir á því sviði. Meginviðfangsefnið er aftur á móti falsvinir í venjubundnu myndmáli. Það þýðir að sá gagnagrunnur (e. *empirical basis*) sem stuðst er við inniheldur ekki einungis orðtök (þó að þau séu meginflokkurinn), heldur hvers kyns venjubundnar myndhverfar máleiningar.

Fáar rannsóknir hafa verið gerðar á falsvinum í föstum orðasamböndum. Rajxštejn (1980, 23–56) hefur fjallað um þá í þýsku og rússnesku og til er nákvæm rannsókn á falsvinum í föstum orðasamböndum í frönsku og þýsku (Ettinger 1994). Piirainen (1997, 1999b) hefur fjallað um þá í þýsku og hollensku og hjá Piirainen (2001a, 2004a, 2004c) eru ýmis tungumál til umfjöllunar.

Í öðrum rannsóknum á föstum orðasamböndum er einungis imprað á falsvinum og ekki lítið á þá sem verðugt rannsóknarefni í sjálfu sér. Fjallað er um falsvini í föstum orðasamböndum í einu tungumáli, t.d. hjá Wotjak og Richter (1993, 9), svo sem þýsku orðtökin *über den Berg sein* og *über alle Berge sein* (sjá (13) hér að neðan) eða *die Augen schließen* og *die Augen verschließen (vor etwas)* (sjá (17–18)). Orðtök sem þessi eru augljóslega mikilvæg hvað varðar tungumálakennslu og orðabókagerð.

Við skulum líta á dæmi (1–2) sem fjallað er um hjá Ettinger (1994, 129).

- (1) Þýska *jmdm. einen Floh ins Ohr setzen* „setja fló í eyrað á e-m“
„vekja vonlausa þrá hjá e-m“
- (2) Franska *mettre la puce à l'oreille (de qn.)* „setja flóna í eyrað (á e-m) [á eyra e-s]“
„vekja tortryggni e-s, vekja grunsemdir hjá e-m“

Eins og dæmin að ofan sýna eru falsvinir í föstum orðasamböndum snúnara og flóknara viðfangsefni en einyrtir falsvinir. Orðtök

flokkuð sem falsvinir kalla fram í hugann áþekka mynd með áþekku orðalagi, þ.e. þau líkjast hvert öðru að innra formi (e. *inner form*) en hafa talsvert ólíka merkingu.

Skilgreiningum á falsvinum í föstum orðasamböndum (t.d. Burger 2003, 134, 202 og næsta síða; Wotjak 1992a, 105 o. áfr.) ber yfirleitt saman við skilgreiningar á falsvinum þýðandans:

Falsvinir í föstum orðasamböndum eru orðatiltæki sem eru áþekk eða líta eins út í tveimur tungumálum (með hliðstæð beyginga- og setningarleg einkenni (e. *morphosyntactic structure*) og eins eða áþekka setningarhluta (e. *constituents*) í báðum tungumálum) en hafa verulega ólíka merkingu.

Þessa skilgreiningu þarf yfirleitt að orða af meiri nákvæmni þegar um er að ræða falsvini í venjubundnu myndmáli. Það á einkum við um þær venjubundnu myndhverfu máleiningar sem eru merkingargagnsæjar. Hér er ástæða til að benda á að líkindi eða samsvörun þeirra myndhverfu máleininga sem um ræðir byggist ekki á ytra formi (e. *plane of expression*) heldur á þeirri mynd sem þær kalla fram. Samsvörun orðasambanda (1–2) snertir ekki formið (eins og átti við um *gift* og *Gift* hér að ofan) heldur felst hún í inntaki þeirra, bókstaflegum skilningi sem kallar fram vissar myndir. Þetta mætti kalla „merkingarstig 1“ (e. *meaning level*) eða „upptakasvið“ (e. *source domain*). Innan hugrænnar merkingarfræði má skilgreina falsvini í venjubundnu myndmáli á eftirfarandi hátt:

Falsvinir í venjubundnu myndmáli eru tvö eða fleiri orðatiltæki sem kalla fram í hugann nánast eins eða afar líkar myndir en hafa verulega ólíka merkingu.

Þekkingargerðum (e. *knowledge structures*) upptakasviðsins er varpað (e. *mapped*) á þekkingargerðir marksviðsins svo að unnt sé að túlka tengslin á milli innra forms og sjálfrar merkingarinnar. Ólík megin-einkenni þekkingarinnar á upptakasviðinu geta komið fram í þeim venjubundnu myndhverfu máleiningum sem eru í falsvinasambandi. Sú mynd sem kölluð er fram í orðasambandinu *setja fló í eyrað á e-m* hefur að geyma ýmsa möguleika til merkingarlegra endur-

túlkana. Merking orðtakanna veltur á því að hvaða atriðum upptaka hugmyndarinnar athyglin beinist.

Pannig má setja ,fló í eyra‘ í samband við vonlausa þrá (1) vegna þess að hvort tveggja er til vandræða (í höfði eða huga einhvers) og hvort tveggja getur gufað upp. Eyrað er líffæri sem getur numið upplýsingar sem vekja þrá. Áhersla er lögð á önnur atriði í myndinni ,setja flóna í eyra e-s‘ í orðtaki (2) og hugmyndin virðist þá samsvara ,tortryggni‘. Hér mætti túlka flóna sem aðskotadýr sem heldur til í eyranu og hvíslar leyndarmálum til að vekja tortryggni hjá viðkomandi. Jafnvel mætti segja að flóin beri ábyrgð á tortryggni og grunsemdum.

Myndin ,setja fló í eyra e-s‘ eða ,vera með fló/flær í eyranu/eyrunum‘ getur vísað til ýmiss konar markhugmynda (e. *target concept*). Til eru ítölsk og grísk orðtök (3–4) sem hafa annars vegar merkinguna ,vekja tortryggni e-s‘ (ítalska) og hins vegar ,verða tortrygginn‘ (gríska), hvort tveggja er nálægt merkingu franska orðtakans (2). Ennfremur má benda á enn eitt þýskt orðtak (5) sem merkir ,vera heimskur‘ og hollenskt orðtak (6) sem merkir ,vera eirðarlaus‘. Orðastrengurinn (e. *word string*) *flea in one’s ear* í enska orðtakinu (7a) merkir ,ávítur eða ofanígjöf‘, sbr. einnig (7b, 7c).

- (3) Ítalska *mettere la/una pulce nell’orecchio (a qd.)* „setja fló(na) í eyrað (í eyra e-s)“
 ,vekja tortryggni e-s, vekja grunsemdir hjá e-m‘
- (4) Gríska *του παίνουν ψύλλοι στα αυτιά (tu bénum psíli sta aftjá)*
 „flær fara inn í eyra einhvers“
 ,e-r verður tortrygginn, fyllist grunsemdum‘
- (5) Þýska *einen Floh im Ohr haben* „vera með fló í eyranu“
 ,vera ekki með réttu ráði, vera heimskur‘
- (6) Hollenska *een vlo in het oor hebben* „vera með fló í eyranu“
 ,vera eirðarlaus eða á iði‘
- (7a) Enska *a flea in one’s ear*
 ,ávítur eða ofanígjöf; óþægilegt eða óvænt hryssingslegt svar; ógeðfellt hugmynd eða viðbragð‘
- (7b.) Enska *to have/get a flea in one’s ear*
 ,vera skammaður, hafnað eða niðurlægður‘

- (7c) Enska *to send someone away with a flea in his/her ear*
hafna bón e-s reiðilega; snupra eða ávíta e-n⁶

Eins og í orðtaki (5) getur aðskotahlutur í eyranu, t.d. fló, leitt til truflunar á vitsmunagetu; þess vegna má varpa þessari mynd á marksviðið „heimska“. Sá sem er með fló í eyranu hlýtur auk þess að finna fyrir „eirðarleysi“ eins og sjá má á marksviði orðatiltækis (6). Loks má varpa myndinni „fló í eyrað“ á „ávítur eða ofanígjöf“ (7). Aftur má líta flóna sem aðskotadýr sem angrar einhvern og minnir hann á að herða sig. Taka ber fram að allar þessar túlkanir (1–7) byggjast á sömu mynd (upptakahugmynd).

1.3 Dæmi um falsvini á sviði venjubundins myndmáls

Í dæmum (1–7) koma í ljós mörk hugmyndarinnar um falsvini sem hér eru til umfjöllunar. Hugtakið er þröngt og spannar einungis fasta upptakahugmynd og mismunandi markhugmyndir, gagnstætt víðara hugtaki (sjá, t.d. Ettinger, 1994) sem rúmar einnig „falsvini sem skýrast af mismun hvað varðar beyginga- og setningarleg ein-kenni“ og „falsvini sem skýrast af mismun milli afbrigða tungu-málsins“ (e. *diasystematic differences*).

Falsvini má finna í öllum gerðum venjubundinna myndhverfra máleininga þó að orðtök séu stærsti hópurinn. Hér á eftir verður athyglinni beint að orðtökum. Aðrar gerðir venjubundinna myndhverfra máleininga verða þó einnig teknar til athugunar svo að heildarmynd fái st.

Málshattir geta stöku sinnum reynst falsvinir, einkum hafi þeir verið fengnir að láni úr framandi tungumáli og menningu og merking þeirra breyst er komið var á nýtt menningarsvæði. Lítum á dæmi (8–9) sem má rekja aftur til forns rómversks málsháttar (Simpson 1992, 217; Mieder 1992, 565). Japanski málshátturinn er að öllum líkindum þýðing á þeim enska (sjá Paczolay 1997, 100 o.áfr.).

- (8) Enska (úrelt) *A rolling stone gathers no moss*
„Eirðarlaus maður safnar ekki auði, metorðum, vinum,
o.s.frv. (sá sem lifir rótlausu lífi verður ekki farsæll)“

- (9) Japanska 転石苔をむさず (*Tenseki koke wo musa-zu*)
 „Veltandi steinn verður ekki mosavaxinn“
 (nútímaskilningur) „Menn verða að vera á hreyfingu, vera
 athafnasamir (menn verða að safna reynslu, t.d. með því að
 ferðast, skipta um starf, o.s.frv.)“

Túlkun enska málsháttarins (8) er samhljóða fornri merkingu hans en nýrri endurtúlkunir eru einnig til (sbr. mismunandi merkingar sem fjallað er um hjá Lakoff (1987, 451)). Túlkunin sem gefin er upp í (8) féll einnig vel að japanskri menningu; samkvæmt fagurfræðilegum hugmyndum, t.d. um búddíska garða, er steinn ekki fallegur nema hann sé mosavaxinn. Fyrri tíma túlkun á japanska málshættinum (9) var samhljóða túlkun á þeim enska (8) og merkingin var „menn verða að festa rætur og vera staðfastir (til að njóta velfarnaðar)“. En nú hafa félagslegar og menningarlegar aðstæður og viðhorf í Japan breyst og merkingin sem gefin er í (9) er tekin fram yfir þá eldri. Hlutverk hugtaksins MOSI hefur meira að segja snúist við. Líta má á tilfelli á borð við (8–9) sem „falsvini í málsháttum“.

Einyrtar myndhverfingar geta einnig reynst falsvinir. Í breskri ensku þýðir orðið *snaky* „hlykkjóttur“. Hér er á ferðinni myndhverf (myndræn) túlkun á hugtakinu SNAKE (eitthvað, t.d. vegur hlykkjast eins og slanga). Aftur á móti þýðir bandaríska slanguryrðið *snaky* „falskur, illur, slægur“. Táknrænn skilningur á hugtakinu SNAKE er hér að verki. SNAKE er tákn „sviksemi, illsku, lævisi“ o.s.frv. og rótgróið í menningarlegum táknkerfum (e. *cultural codes*).

Orðastæður (e. *restricted collocations*) eru fátíðir falsvinir. Í gagnasafni okkar eru ekki nema örfá pör af myndhverfum orðastæðum, svo sem þýska orðastæðan *der weiße Tod* „hvíti dauðinn“, dauðdagi í snjóflóði og sú rússneska *белая смерть* (*belaja smert*) „hvíti dauði(nn)“ 1. „sykur“, 2. „salt“.

Líkingar (margar þeirra tilheyra hópi orðtaka) eru nokkuð algengir falsvinir. Slíkar líkingar hljóta að teljast til orðtaka þar sem falsvinir í venjubundnum myndhverfum máleiningum eru myndhverfir í eðli sínu. Lítum á röð líkinga í orðasambandinu „tala eins og bók“:

- (10) Þýska *reden wie ein Buch* „tala eins og bók“
 ,tala mikið og hratt, viðstöðulaust‘
- (11) Enska *to speak/talk like a book*
 ,tala tilgerðarlega, eins og upp úr bók‘
- (12) Franska *parler comme un livre* „tala eins og bók“
 ,tala á fágaðan, formlegan og lærðan máta‘

Aftur eru það mismunandi eiginleikar upptakahugmyndarinnar sem skipta meginmáli. Annars vegar innihalda bækur yfirleitt langan og samfelldan texta. Sé hugmyndinni varpað á manneskju sem er að tala verður merkingin ,tala mikið og hratt, viðstöðulaust‘ skiljanleg (10). Hins vegar getur bókmál verið frábrugðið talmáli, það getur verið ítarlegra eða fræðilegra en talmálið. Það leiðir til ólíkra merkinga eftir því hvar áherslan liggur. Í (11) er brugðið út af þeim venjum sem tíðkast í daglegu tali og í (12) er lögð áhersla á þann eiginleika að vera fágaður í tali. Samsvarandi líkingar má finna í öðrum tungumálum, flestar eru þær annaðhvort í sömu merkingu og (11) (t.d. sænska *tala som en bok*) eða (12) (t.d. spænska *hablar como un libro*).

Eins og dæmin hér að ofan sýna koma falsvinir í venjubundnum myndhverfum máleiningum ekki einungis fram í þörum heldur einnig í röð af orðasamböndum sem kalla fram svipaða myndhluta. Auk þess eru þeir ekki einungis í venjubundnum myndhverfum máleiningum í tveimur eða fleiri staðaltungumálum, heldur einnig í staðalmáli annars vegar og mállysku eða svæðisbundnu talmáli hins vegar, og þar að auki í nútímamáli og eldri gerð sama tungumáls (sjá dæmi um þetta í Burger, 2003, 134). Hér að neðan má sjá dæmi um falsvinapar í háþýsku og lágbýskri mállysku (vestur-münsterlensku). Dæmi á borð við þetta eru nokkuð algeng (Piirainen 2000, 1, 65).

- (13) Háþýska *über den Berg sein* „vera kominn yfir fjallið/hæðina“
 ,komast yfir áfall, veikindi; komast út úr miklum vandræðum
 eða erfiðleikum‘
- (14) Lágbýska *‘n Barg önnwer wessen* „vera kominn yfir hæðina“
 ,vera látinn‘

Í myndinni „vera kominn yfir fjallið/hæðina“ felast hugtakslegir möguleikar sem gera kleift að varpa henni á nokkrar mismunandi markhugmyndir, sbr. enska orðtakið *to be over the hill* „mega muna sinn fifil feegurri; vera of gamall til að leysa verk vel af hendi eða vera aðlaðandi“, japanska 山を越す (*yama wo kosu*) „fara yfir fjallið“ „hafa komist yfir erfiðasta hjallann, hafa yfirstigið það versta (erfiðleika o.s.frv.)“, en einnig þýska orðtakið *über alle Berge sein* „vera kominn yfir öll fjöll/hæðir“ „vera stunginn af, hafa laumað sér undan (óskemmtilegum aðstæðum); vera á bak og burt“ (önnur merking en (13)). Til eru mörg dæmi af þessari gerð, bæði innan náskyldra tungumála og tungumála sem eru óskyld og annarrar menningar. Loks má geta þess að falsvini er einnig að finna innan eins tungumáls. Stundum eru þeir nefndir *innanmálsfalsvinir* (e. *intra-linguistic false friends*) eða *innri falsvinir* (e. *inner false friends*) (sjá t.d. Wotjak og Richter 1993). Þessi hugtök eru einkum notuð í tungumálakennslu. Í málvísindalegu samhengi er um að ræða nærheitatengsl (e. *paronymy*) og einnig samyrðingu (e. *homonymy*) eða fjölmerkingu (e. *polysemy*) (að skilgreina orðasamband sem samyrt eða fjölmerkingarlegt veltur oft á fræðilegri túlkun á gögnum, sjá 1.4 hér að neðan).

Eftirfarandi gerð falsvina í tveimur tungumálum sker sig úr, þ.e. orðtök sem eru nánast alveg eins í orðréttri þýðingu en eiga rætur að rekja til verulega ólíkra menningarheima. Lítum á dæmi (15–16).

(15a) Þýska *den Löffel wegwerfen* „kasta skeiðinni frá sér“

(15b) Finniska *heittää lusikka nurkkaan* „kasta skeiðinni út í horn“
Hvort tveggja merkir „deyja“

(16) Japanska 匙を投げる (*saji wo nageru*) „kasta skeiðinni frá sér“
„gefast upp í örvilnan“

Myndirnar sem orðastrengurinn „kasta skeiðinni frá sér“ kallar fram í orðtökum (15) og (16) virðast nákvæmlega eins. Munurinn á merkingu þessara tveggja orðtaka hlýtur að vera menningarlegur. Mikilvægasta hugtakið hér er SKEIÐ. Í evrópskri menningu var skeiðin helsta mataráhaldið og KORNGRAUTUR eða HAFRA-GRAUTUR voru dæmigerð fæða. Í sumum sveitum Evrópu hefur GRAUTUR verið mikilvægari undirstöðufæða en BRAUÐ allt til

þessa dags og þess sjást merki í tveimur óskyldum evrópskum tungumálum; þýsku (15a) og finnsku (15b). Sá sem er látinn mun ekki frammar matast; skeiðin verður óþörf. Gamla japanska orðið 匙 (*saji*) þýðir einkum ‚skeið sem notuð er við lyfjagerð‘. Til forna þurfti lækurinn að útbúa sérstaka lyfjablöndu sem átti að lækna sjúklinginn. Ef sjúklingnum batnaði ekki kastaði lækurinn skeiðinni frá sér í örvilnan (sbr. Maynard og Maynard 1993, 202).

Í orðtökum (15) og (16) er nánast sama orðalag en ekki sama upptakahugmynd. Ef við íhugum þetta út frá skilgreiningu okkar á falsvinum í venjubundnum myndhverfum máleiningum eru þau ekki falsvinir. Ef við lítum til orðalagsins mætti telja þau til falsvina. Við getum kallað þau *ígildi falsvina* (e. *quasi-false friends*). Slík þör myndhverfra orðtaka í tungumálum afar ólíkra menningarheima ætti einkum að fjalla um innan menningarlegrar táknafræði (e. *cultural semiotics*).

1.4 Nærheiti og samyrði

Við skulum íhuga hina svonefndu *innanmálsfalsvini* eða *innri falsvini*. Eins og þegar hefur komið fram er hér um að ræða nærheitatengsl, samyrðingu eða fjölmerkingu. Stundum geta falsvinir af þessu tagi komið að gagni þegar skýra þarf áþekk orðtök í mismunandi tungumálum. Hér er dæmi:

- (17) Þýska *die Augen schließen* ‚loka augunum“
‚deyja‘
- (18) Þýska *die Augen verschließen (vor etwas)* ‚loka augunum (fyrir e-u)“
‚látast ekki sjá e-ð; láta eins og e-ð sé ekki að gerast‘

Þessi áþekku orðtök hafa sams konar beyginga- og setningarlega gerð (að því undanskildu að í orðtaki (18) er skyldubundinn forsetningarliður) og áþekka orðskipan, myndirnar sem þau kalla fram (upptakahugmyndir) eru áþekkar sömuleiðis. Augljóst er að enska orðtakið (19) samsvarar einungis þýska orðtakinu (18) og er falsvinur orðtaks (17).

- (19) Enska *to close one's eyes (on the subject)/ to close one's eyes (to the subject)*
 ,látast ekki sjá e-ð; láta eins og eitthvað sé ekki að gerast‘

Orðtök (17) og (18) skera sig greinilega hvort frá öðru að því er varðar orðalag (*schließen* og *verschließen*) og merkingu (,deyja‘ og ,látast ekki sjá e-ð‘). Í öðrum tilvikum er þó ekki ljóst hvort um er að ræða eitt (fjölmerkingarlegt) orðtak eða tvö (samyrrt) orðtök, sbr. (20).

- (20) Þýska *jmdm. schwillt der Kamm* „e-m rís kambur“³
 1. ,einhver fyllist hroka og drambi‘
 2. ,e-r fyllist reiði og heift‘

Eins og komið hefur fram í dæmum (1–7) og (13–14) geta tilteknaðar upptakahugmyndir nýst á fleiri en einu marksviði. Ein slík hugmynd er ,e-m rís kambur‘ í orðtaki (20). Tvö ólík meginatriði þekkingargerðanna um þessa upptakahugmynd standa upp úr og er þeim varpað á tvö gjörólík marksvið.

Annars vegar spígsporar haninn sperrtur og hnarreistur – reistur kamburinn gerir hann hærri í loftinu – og göngulagið bendir til hroka og dramb. Hins vegar má túlka rauða litinn og þrúttinn kambinn sem merki um reiði.⁴ Orðtak (20) virðist fjölmerkingarlegt og afar ólíkar merkingar orðanna ,hroki‘ og ,reiði‘ felast í sömu mynd. Þó er hugsanlegt að ekki sé um að ræða fjölmerkingu í strangasta skilningi þess orðs þar sem myndirnar í HROKI og REIÐI eru ekki nákvæmlega eins, heldur ólíkar að því leyti að lögd er áhersla á ólík atriði (göngulag hanans annars vegar og rauða litinn á kambinum hins vegar). Það virðist því eðlilegt að líta á þessar tvær merkingar sem samyrði (20): *jmdm. schwillt der Kamm 1* ,e-r fyllist hroka og drambi‘ og *jmdm. schwillt der Kamm 2* ,e-r fyllist reiði og heift‘.

3 Orðasambandið bendir til kynbundinnar notkunar. Vegna myndarinnar (haninn er ímynd karldýrsins) tengist það einkum kórlum (Pirainen 2001e, 300 o.á.).

4 Seinni túlkunina má skýra með hollenska orðtakinu *een rode kam kriegen* „fá rauðan hanakamb“ ,fyllast reiði og heift“. Það felur í sér svipaða mynd af þrúttum hanakambi en áherslan er á rauða litinn.

Orðtök eins og (20) eru oft falsvinir. Sænska orðtakið (*tupp*) *kammen sväller/växer/reser sig på ngn*, „(hana)kamburinn þrútnar/stækkar/rís á e-m“ hefur til að mynda einungis aðra af merkingum (20) hér að ofan, þ.e. „e-r fyllist hroka og drambi“. Orðtakið samsvarar þess vegna þýska orðtakinu *jmdm. schwillt der Kamm 1* en er falsvinur *jmdm. schwillt der Kamm 2*.

1.5 Orsakapættir falsvina

Eins og þegar hefur komið fram má einkum rekja ástæðu falsvina í venjubundnu myndmáli til merkingargagnsæis orðtakanna og því skal það greint nánar, bæði merkingarlega og hugtakslega. Hér á eftir verður fjallað um nokkrar gerðir merkingargagnsæis orðtaka með það fyrir augum að benda á hugsanlega reglufestu í „falsvina-samböndum“. Flesta falsvini má telja til einnar af eftirfarandi þremur gerðum merkingargagnsæis orðtaka (i–iii).

- i. Falsvinir í ýmiss konar hugtaksmyndhvörfum (e. *conceptual metaphors*)
- ii. Falsvinir í ýmiss konar lýsandi myndmáli (e. *rich images*)
- iii. Falsvinir í einum setningarluta (e. *constituent*)

1.5.1 Falsvinir í ýmiss konar hugtaksmyndhvörfum

Í þessari gerð merkingargagnsæis má skýra mismun á merkingu tveggja orðtaka með því að um sé að ræða ólík hugtaksmyndhvörf. Eins og í ljós hefur komið er hugtekning (e. *conceptualisation*) marksviðanna HROKI og REIÐI út frá nánast sömu mynd á upptakasviði ekki einangrað fyrirbæri; í því má sjá nokkra reglufestu. Lítum á orðtak (21), sem er svæðisbundið þýskt orðtak, og orðtak (22) úr lágþýsku (vestur-münsterlenskt), en þau tengjast hvort öðru sem falsvinir.

- (21) Þýska (svæðisbundið) *auf Stelzen gehen* „ganga á stultum“
„vera montinn, sjálfsöruggur og hrokafullur“
- (22) Lágþýska *up Stölpen staon* „standa á stultum“
„vera bálreiður og heiftúðugur“

Hér er um að ræða eftirfarandi gerð af merkingartúlkun (e. *semantic construal*): Hið lýsandi myndmál (e-r setur sig í hærri stöðu en annað fólk m.p.a. ganga/standa á stultum) flytur upptakahugmyndina ,upp, upp á við, hátt fyrir ofan‘ á óhlutbundnara svið. Þetta er hin fasta upptakahugmynd beggja orðtaka og henni má varpa á tvö mismunandi marksvið, sem eru HROKI og REIDI. Innan hugrænnar merkingarfræði er hér um að ræða tvö alkunn hugtaksmyndhvörf (a) HROKI ER UPPHAFIN STAÐA og (b) REIDI ER HÆKKANDI INNRI ÞRÝSTINGUR.

- a. Áberandi einkenni í fari þeirra montnu og hrokafullu er að hrokinn kemur fram í fasi þeirra, s.s. í því hvernig þeir ganga og bera sig, teinréttir og hnakkakerrtir. Af þessu leiðir hugtekningin að HROKI sé UPPHAFIN STAÐA en hana er að finna í mörgum orðtökum, s.s. í ensku *to go around with one's nose in the air*, vera hrokafullur, vera stór upp á sig‘ og í japönsku 鼻つ柱 が高い (*hanappashira ga takai*) „miðsnes(ið) (vísar) upp“, e-r er rigmontinn, hrokafullur, einnig í þýsku *erhobenen Hauptes* „hnar-reistur“, rússnesku с (высоко) поднятой головой (*s (vysoko) podnjatoj golovoj*) „með höfuðið reigt (hátt)“, eða ensku *with his chest out*, þýsku *mit geschwellter Brust* „með útþaninn brjóstkassa“ í merkingunni ,af miklu stolti‘, o.s.frv. Önnur mynd sem gefur til kynna upphafna stöðu er að „ganga á stultum“ (sá hrokafulli lítur út fyrir að vera hærri en allir aðrir, eins og hann gangi á stultum). Myndin í orðtaki (21) er þess vegna skiljanleg.
- b. Þegar REIDI er hugtaksgerð (e. *conceptualise*) gegnir áttin ,upp‘ eða staðan ,hátt fyrir ofan‘ einnig mikilvægu hlutverki. Þessa mynd er einnig að finna í mörgum orðtökum, s.s. í þýsku *auf die Palme geben* „fara (klifra) upp pálmatréð“, *die Wände hochgeben* „klifra upp veggina“, í hollensku *op de kast zitten* „sitja uppi á skápnum“, *er op hoge poten heengaan* „ganga á háum loppum“, en öll merkja þau ,vera bálreiður. Myndin að ,standa á stultum (vera hærri en við venjulegar aðstæður)‘ eins og í orðtaki (22) er önnur lýsandi mynd fyrir REIDI.

Önnur leið til að hefja sig yfir aðra er að fara á hestbak. Þessi mynd er einnig ítrekað notuð til að hugtaksgera marksviðin HROKI ann-

ars vegar og REIÐI hins vegar. Við skulum líta á tvö nánast eins orðtök úr lágbýsku (vestur-münsterlensku) (23–24):

- (23) *sik up't hooge Peerd setten* „setjast upp á háa hestinn“
 ,vera hrokafullur, gera sig merkilegan; vera montinn og yfir-
 lætislegur‘
 (24) *(hoog) te Peerde wessen* „vera (hár) á hesti(num)“
 ,vera bálreiður og heiftúðugur‘

Þessa sömu hugtekningu er að finna í ýmsum staðaltungumálum. Hin fasta mynd „sitja á háum hesti/hátt á hesti“ er notuð um hugtakssviðin HROKI og REIÐI. Við skulum fyrst líta á orðtök sem lýsa ,hroka‘ (25).

- (25) *Enska to be/get on one's high horse*
 ,vera hrokafullur, gera sig merkilegan; vera montinn og yfir-
 lætislegur‘

Í allmörgum öðrum tungumálum eru orðtök sem svipar til (25), t.d. í þýsku *auf dem hohen Ross sitzen/sich aufs hohe Ross setzen* „sitja á háa hestinum/setja sig á háa hestinn“, hollensku *hoog te paard zitten* „sitja hátt á hestinum“, sænska *sitta/sätta sig på sina höga hästar* „sitja á sínum háu hestum/setja sig á sína háu hesta“, og öll hafa þau merkinguna ,vera hrokafullur, gera sig merkilegan, vera montinn og yfirlætislegur‘.

Í franska orðtakinu (26) er orðalagið svipað. Samt merkir það reiði.⁵

- (26) *Franska monter/être sur ses grands chevaux* „fara á bak/
 vera á sínum háu hestum
 ,stökkva upp á nef sér, vera bálreiður og heiftúðugur; verða
 sárhneykslaður og tala fjálglega‘

5 Áhugavert er að í lúxemborgsku orðtaki er að finna báðar merkingar: *um béich Päerd sinn 1* ,vera montinn og hrokafullur‘ og *um béich Päerd sinn 2* ,vera bálreiður og heiftúðugur‘ (Filatkina 2002, í prentun). Lúxemborgska tilheyrir þýsku Mósél-frankísku mállýskunni og hefur orðið fyrir áhrifum bæði af háþýsku og frönsku.

Þrjár síðustu orðtakaraðirnar, um hanakambinn (20), stulturnar (21–22) og háu hestana (23–26), eiga nokkuð sameiginlegt. Þær sýna að hugtekning marksviðanna tveggja HROKI og REIÐI út frá sömu mynd er ekki einstakt tilfelli. Beinun myndunum (e. *concrete images*) „e-m rís kambur“, „ganga á stultum“ eða „sitja á háum hesti“ er varpað á tvenns konar marksvið og í því má sjá nokkra reglufestu.

Annað dæmi um falsvini í hugtaksm myndhvörfum ólíkrar merkingar er að finna í orðtökum (27–28).

- (27) Þýska *in den Keller gehen* „fara ofan í kjallara“
 „lækka, falla (í verði)“
 (28) Hollenska *naar de kelder gaan* „fara ofan í kjallara“
 „verða ónothæfur, skemmast, slitna, brotna“

Enginn menningarlegur munur er á kjöllurum í Þýskalandi og Hollandi. Munurinn á merkingu þessara orðtaka verður ekki skýrður öðruvísi en með því að íhuga þau ólíku hugtaksm myndhvörf sem liggja að baki þeim. Bæði orðtökin hafa sömu upptakahugmynd. Þar sem KJALLARI er lægsti hluti hússins felur hugtakið í sér þann hugmyndalega möguleika (e. *cognitive potential*) að verið sé að vísa til þess sem er lægst á tilteknum kvarða.

Samkvæmt þekktum hugtaksm myndhvörfum er fjöldi hlutabréfa, verð á hlutabréfamarkaði o.þ.h. sett upp í töflu eða línurit þar sem MEIRA ER UPP og MINNA ER NIDUR (27). Samkvæmt öðrum útbreiddum myndhvörfum er lægsti punkturinn (á línuriti eða töflu) SLÆMUR og sá efsti GÓÐUR. Af þessu má sjá að þýska orðtakið og það hollenska byggjast á tveimur ólíkum hugtaksm myndhvörfum, MINNA ER NIDUR annars vegar og SLÆMT ER NIDUR hins vegar.

Mörg orðtök ólíkrar merkingar sem eru áþekk á yfirborðinu (hafa nánast sömu bókstaflegu merkinguna) skýrast af því að þau byggjast á mismunandi hugtaksm myndhvörfum.

1.5.2 Falsvinir í ýmiss konar lýsandi myndmáli

Aðrir falsvinir í venjubundnu myndmáli verða ekki fangaðir á hinu fremur óhlutbundna sviði hugtaksm myndhvarfa en þá má aftur á móti skýra á grunni hins svonefnda lýsandi myndmáls. Þegar hefur

verið bent á að vissum upptakahugmyndum á sviði lýsandi myndmáls megi varpa á mismunandi marksvið (s.s. „fló í eyra e-s“ eða „vera kominn yfir hæðina“).

Sú staðreynd að vængjuð skordýr laðast að ljósi og drepast samtundis þegar þau láta lokkast inn í logandi kertaljós er annað dæmi um þetta. Þetta náttúrulega fyrirbrigði sést víðast hvar á jörðinni, án tillits til menningarsvæða. Þess vegna er myndin gjaldgeng í tungumálum ólíkra menningarheima. Hér eru tvö dæmi (29–30).

- (29) Hollenska *in de kaars vliegen* „fljúga inn í kertið“
 „vera mjög einfaldur, fáfróður eða heimskur (og vera fórnarlamb eigin einfaldni eða heimsku)“
- (30) Japanska 飛んで火に入る夏の虫 (*tonde bi ni iru natsu no mushi*)
 „fljúgandi inn í loga(n) sumarfluga [sumarfluga sem flýgur inn í logann]“
 „koma sér í vandræði, valda sjálfum sér erfiðleikum“

Hér er á ferðinni upptakahugmynd (vængjað skordýr laðast að eldsloga) sem hefur mörg hólfi (e. *slots*). Leggja má áherslu á mismunandi þætti þessarar myndar (flugan flýgur grandalaus inn í eldslogann eða gerir það af sjálfseyðingarhvöt) og túlka á mismunandi vegu. Til eru fleiri orðtök sem lýsa svipaðri mynd (t.d. þýska *von etwas angezogen werden wie die Motten vom Licht* „laðast að e-u eins og mölfiðrildi að ljósinu“ „laðast ómótstæðilega að manneskju eða fyrirbæri, vera hugfanginn af e-m“).

Annað dæmi má finna í orðtökum þar sem undirliggjandi er hin lýsandi mynd „innan fjögurra veggja“. Þessa upptakahugmynd má endurtúlka merkingarlega á ólíka vegu. Í fyrsta lagi hefur hún jákvæða merkingu (31).

- (31a) Þýska *in den/seinen eigenen vier Wänden (sein)* „(vera) innan hinna/sinna eigin fjögurra veggja“
- (31b) Gríska μέσα στους τέσσερις τοίχους (*mésa stus téseris tíchus*) „innan hinna fjögurra veggja“
- (31c) Finniska (*olla neljän seinän sisällä*) „(vera) innan hinna fjögurra veggja“

Öll merkja þessi orðtök ,(vera) í friði á sínu (eigin) heimili,
heima; í öruggu umhverfi‘

Í öðrum venjubundnum myndhverfum máleiningum sem eru orðaðar á nánast sama hátt eru neikvæðar hliðar þessara sömu aðstæðna ráðandi. Dvelji einhver innan sinna fjögurra veggja, einangraður frá umheiminum, getur það haft neikvæð áhrif á skap eða andlegt ástand hans, eins og fram kemur í merkingu orðtaka (32). Myndirnar ,sitja‘ eða ,dvelja‘ innan fjögurra veggja hafa áhrif á merkinguna í þessum orðtökum. Þær gefa til kynna að viðkomandi sé einangraður á heimili sínu, hafi ekki samband við umheiminn, sé með innilokunarkennd, finni til leiðinda og þunglyndis með þessa fjóra veggi fyrir augunum (t.d. ef hann neyðist til að dúsa heima annaðhvort vegna veikinda eða atvinnuleysis).

- (32a) Þýska *in seinen eigenen vier Wänden hocken* „húka innan sinna eigin fjögurra veggja“
- (32b) Franska *loger/être/rester entre quatre murs* „vera/dvelja á milli fjögurra veggja“
- (32c) Rússneska *сидеть в четырех стенах* (*sidet'v četjrex stenax*) „sitja innan fjögurra veggja“
öll fela þau í sér merkingu á borð við ,vera alltaf heima, fara aldrei út, vera einangraður, leiðast, finnast maður innilokaður‘

Segja mátti að orðtök (31) og (32) væru á mörkum þess að vera falsvinir þar sem aðalmerking þeirra er svipuð. Loks skal bent á hollenskt og franskt orðtak sem við fyrstu sýn svipar til orðtaka (31–32). Undirliggjandi myndir eru þó ólíkar. Dæmi (33) vísa ekki til veggja í herbergi heldur í fangaklefa. Merkingin að ,vera í fangelsi‘ er finlega orðuð.

- (33a) Hollenska *tussen de vier muren zitten*⁶ „sitja á milli fjögurra veggja“

6 Hollenska orðtakinu (33a) má eigna fleiri hliðarmerkingar, s.s. ,vera þroskaheftur; eiga sér enga undankomuleið‘. Nokkra merkingarþætti má rekja til þess að ekki er gerður greinarmunur á orðunum „veggur í herbergi“ og „útveggur“ í hollensku og frönsku (gagnstætt muninum á *Wand* og *Mauer* í þýsku).

- (33b) Franska (*être*) *entre quatre murs* „(vera) á milli fjögurra veggja“
hvort tveggja í merkingunni ‚vera í fangelsi‘

Dæmin sýna að sömu orðasambönd geta tengst mismunandi römmum (e. *frames*) (hús með herbergjum eða fangelsi með fangaklefum). Við skulum líta á annað falsvinapar þar sem óhætt er að segja að annað orðtakið (35) fegri aðstæðurnar.

- (34a) Sænska *ställa ngn. mot väggen* „stilla e-m upp við vegginn“
(34b) Finniska *asettaa/panna jk. seinää vasten* „stilla e-m upp við vegginn“
bæði merkja ‚koma e-m í erfiðar aðstæður eða klípu‘
(35a) Þýska *jmdm. an die Wand stellen* „stilla e-m upp við vegginn“
(35b) Rússneska *поставить к стенке кого-л. (postavit' k stenke kogo-l.)*
„stilla e-m upp við vegginn“
hvort tveggja í merkingunni ‚taka e-n af lífi með skotvopni‘

Hin beina mynd af vegg í orðtaki (34) framkallar vel þekkt hugtaksmyndhvörf, þ.e. ERFIÐLEIKAR ERU FYRIRSTAÐA HREYFINGAR. Upptakahugmyndinni FYRIRSTAÐA HREYFINGAR (sá sem er stillt upp við vegg getur ekki flúið eða komið sér burt) er varpað á markhugmyndina ‚erfiðar aðstæður eða klípa‘. Þessi hugtaksmyndhvörf koma fram í orðtökum á borð við hið þýska *mit dem Rücken zur Wand* „með bakið upp að veggnum“ ‚í slæmri klípu‘, hið enska *to have your back to/up against the wall* ‚vera í erfiðum aðstæðum sem afar torvelt er að breyta eða komast út úr‘.

Aftur á móti er orðalagið í orðtaki (35) mildað af ásetningi, það er haft ónákvæmt til þess að gera lítið úr aðstæðunum. Einhverrar þekkingar um rammann ‚taka af lífi með skotvopni‘ er þörf til að unnt sé að virkja merkinguna (sakamanninum er í raun stillt upp við vegginn).

Í (34) og (35) er athyglinni beint að ólíkum einkennum myndarinnar, þ.e. mögulegum hlutverkum hugtaksins VEGGUR. Afleiðingin er sú að þetta hugtak verður að túlka sem hluta tveggja ólíkra ramma, annars vegar sem hólfi í rammanum ‚hreyfing‘ („veggur er

fyrirstaða hreyfingar“ í (34) og hins vegar sem hólf í rammanum „aftaka með skotvopni“ í (35).

1.5.3 Falsvinir í einum setningarhluta

Ástæðu falsvina er í mörgum tilvikum ekki að finna í venjubundnum myndhverfum máleiningum sem heildar heldur einum setningarhluta. Ekki er þó um að ræða einyrta falsvini (sbr. enska *gift* og þýska *Gift*).⁷ Öðru nær, hér er um að ræða orð í tveimur tungumálum sem hafa nákvæmlega sömu merkingu. Þessi orð hafa þó einnig nokkrar hliðarmerkingar auk ráðandi merkingar. Einkum er um að ræða afar frjó orð yfir líkamsparta, s.s. *bönd*, *hjarta*, *auga*, o.s.frv.⁸ Lítum á orðtök (36–37).

- (36) Þýska *kein Herz (im Leibe) haben* „hafa ekkert hjarta (í líkamanum)“
 „Hafa enga samkennd, vera harðbrjósta“
 (37) Hollenska *geen hart in zijn lijf hebben* „hafa ekkert hjarta í líkamanum“
 „skorta hugrekki, vera huglaus“

Í hvorugu þessara orðtaka kemur HJARTA fyrir í ráðandi merkingu orðsins (líffæri blóðrásarkerfisins) heldur í hliðarmerkingunni „ímyndað líffæri (góðra) tilfinninga“. Hugtakið HJARTA vísar til margvíslegra þátta, einn þeirra er SAMKENND og annar HUGREKKI. Benda mætti á fleira, svo sem ÁST eða VÆNTUMÞYKJU.

Í þýska orðtakinu (36) og því hollenska (37) gegnir hugtakið HJARTA tveimur ólíkum hlutverkum. Sjá má bæði þessi hlutverk hjartans í mörgum öðrum evrópskum tungumálum. Hlutverkið SAMKENND kemur t.d. fyrir í ensku *to have a heart for someone* „hafa

7 Einyrtir falsvinir í venjubundnum myndhverfum máleiningum virðast afar fátíðir; sjá t.d. enska orðtakið *to give someone a wink*, blikka e-n‘ samanborið við þýsku *jmdm. einen Wink geben*, gefa e-m e-ð í skyn‘. Þessi orðtök geta varla talist myndhverf; merkingarlegan mun þeirra er að finna í enska orðinu *wink* og því þýska *Wink*.

8 Frá upphafi rannsókna á föstum orðasamböndum hefur verið hefð fyrir því að rannsaka orðtök sem hafa að geyma orð yfir líkamshluta (t.d. Rajxstein (1980, 91 o.áfr.). Þetta hefur einnig verið meginumfjöllunarefni í samanburðarrannsóknum á tveimur eða fleiri tungumálum. Margir falsvinir í slíkum orðtökum komu í ljós í rannsóknargögnum en þeir vöktu varla nokkurn áhuga sem rannsóknarefni; sjá nýlegar rannsóknir á orðum yfir líkamshluta hjá Krohn (1994), Kim-Werner (1996), Čermak (1998), Davidou (1998), Zhu (1998), Faro (2002) Kotb (2002), Mejri (2003) eða Budvytyte (2003).

samúð með e-m' eða í hollensku *een hart van steen hebben* ,vera með hjarta úr steini' ,hafa enga samúð, vera miskunnarlaus', og hlutverkið HUGREKKI er að finna í þýsku *sich ein Herz fassen*, „taka hjarta“ ,herða upp hugann' eða á hollensku *het hart hebben* „hafa hjartað“ ,vera hugrakkur, þora að gera e-ð' o.s.frv. (sbr. Piirainen, 1997, 1999b).

Eins og sýnt var í undirkafla 1.5.1 má skýra mörg áþekk orðtök með ólíka merkingu (þar sem orðrétt merking er nánast sú sama) með því að þau byggist á ólíkum hugtaksmyndhvörfum. Algeng orð eins og *hönd* eða *augu* geta átt þátt í slíkum myndhvörfum. Hugtakið HÖND felur í sér mörg hliðarhlutverk, s.s. HJÁLP, ÁREYNSLA/VINNA, ATHAFNASEMI eða MÁTTUR, STJÓRN. Hlutverkið ÁREYNSLA/VINNA er að finna í orðtökum ýmissa tungumála án tillits til menningarsvæða, eins og t.d. í (38) og (39).

- (38) Japanska 手が空 < (*te ga aku*) „hönd/hendur (vera) tóm(ar) [hönd e-s verður tóm/hendur e-s verða tóm(ar)]“
 ,vera frjál's, vera ekki lengur að vinna, hafa smástund, hafa tíma'
- (39) Enska *to go/come away empty handed*
 1. ,koma til baka tómhentur [hafa ekki neitt með sér]';
 2. ,hafa ekki erindi sem erfiði'

Orðtök (38–39) byggjast á tveimur ólíkum myndhvörfum þar sem hugtakið HÖND gegnir hlutverki: (i) AÐ STARFA ER AÐ GERA (MEÐ HÖNDUNUM) og (ii) AÐ EIGA ER AÐ HAFA (Í HÖNDUNUM). „Tóma höndin“ í (38) táknar ,vera ekki að vinna, vera laus (frá störfum) og hafa frítíma'. Orðtök (38) og (39) eru augljóslega falsvinir. Í fyrri merkingu orðtaks (39) tengjast HÖND og HAFA: í tómum höndunum er ekki neitt. Seinni merkingin felur aftur á móti einnig í sér mynd af starfandi höndum.

Rifjum upp þýsku falsvinina (17) *die Augen schließen* ,deyja' og (18) *die Augen (ver)schließen (vor etwas)* ,látast ekki sjá e-ð; láta sem e-ð sé ekki að gerast'. Orðtak (17) ,deyja' verður að túlka á grunni hugtaksmyndhvarfanna AÐ LIFA ER AÐ SJÁ. Athöfninni að sjá lýkur með dauðanum. Gagnstætt (17) eru orðtak (18) *die Augen (ver)schließen (vor etwas)* og hið enska jafngildi þess (19) *to close one's eyes*

(*on the subject*)/ *to shut one's eyes (to the subject)* byggð á hugtaksmyndhvörfunum AÐ STJÓRNA ER AÐ SJÁ. Þessi myndhvörf er að finna í ýmsum öðrum orðtökum, s.s. ensku *to keep an eye on someone* „fylgjast með eða hafa eftirlit með e-m“ eða þýsku *jmdm. nicht aus den Augen lassen* „hleypa e-m ekki úr augsyn“ „hafa eftirlit með, hafa nánar gætur á e-m“. Þessi myndhvörf, þar sem hugtakið AUGA gegnir hlutverki, virðast ekki bundin menningarsvæðum (sjá falsvini byggða á menningu í 1.3) því að þau er að finna í tungumálum af mjög ólíkum menningarlegum uppruna, sbr. japanska orðtakið 目をつぶる (*me wo tsuburu*) „loka augunum“ „láta ekki sjá e-ð (t.d. óviðeigandi hegðun); láta sem e-ð sé ekki að gerast“, en það er falsvinur þýska orðtaksins. (17).

5.6 Útdráttur

Hér hefur verið fjallað um efni sem fram að þessu hefur ekki notið mikillar athygli í rannsóknum á myndmáli. Sýnt var fram á að falsvinir í venjubundnu myndmáli krefst merkingarlegrar og hugtakslegrar greiningar öfugt við „falsvini þýðandans“. Rannsókn sem þessi krefjast greiningar á myndhvörfum á sviði hugrænnar merkingarfræði. Mismun á merkingu tveggja eða fleiri falsvina í venjubundnum myndhverfum máleiningum má skýra annaðhvort með ólíkum lýsandi myndum eða ólíkum hugtaksmyndhvörfum. Þar við bætist að til eru falsvinir í venjubundnum myndhverfum máleiningum sem rekja má til eins orðs með ólíkar hliðarmerkingar innan hvorrar einingar. Allar gerðir falsvina á sviði venjubundins myndmáls má rekja til einhvers þessara þriggja þátta og þar með koma í ljós viss regluföst einkenni.

Sigrún Á. Eiríksdóttir þýddi úr ensku

HEIMILDASKRÁ

- Budvytyte, Aina. 2003. Der axiologische Aspekt der deutschen und litauischen Somatismen. Í Harald Burger, Gertrud Gréciano og Annelies Häcki Buhofer (ritstj.), *Flut von Texten – Vielfalt der Kulturen. Ascona 2001 zur Methodologie und Kulturspezifität der Phraseologie*, 255–265. Baltmannsweiler: Schneider.
- Čermák, František. 1998. Somatic idioms revisited. Í Wolfgang Eismann (ritstj.), *Europas 95. Europäische Phraseologie im Vergleich: Gemeinsames Erbe und kulturelle Vielfalt*, 109–119. Bochum: Brockmeyer.
- Chamizo Domínguez, Pedro J. og Brigitte Nerlich. 2002. False friends: Their origin and semantics in some selected languages. *Journal of Pragmatics* 34. 1833–1849.
- Davidou, Aliki. 1998. *Kontrastive Untersuchungen zur griechischen und deutschen Phraseologie: mit einem zweisprachigen Lexikon somatischer Phraseologismen*. Erlangen & Jena: Palm & Enke.
- Ettinger, Stefan. 1994. Phraseologische faux amis des Sprachenpaares Französisch-Deutsch. Í Barbara Sandig (ritstj.), *EUROPHRAS 92. Tendenzen der Phraseologieforschung*, 109–136. Bochum: Brockmeyer.
- Farø, Ken. 2002. Somatismen als Problem der dänischen und deutschen Lexikographie. Í Henrik Gottlieb, Jens Erik Mogensen og Arne Zettersten, *Symposium on lexicography X. Proceedings of the tenth international symposium on lexicography May 4-6, 2000 at the University of Copenhagen*, 107–124. Tübingen: Max Niemeyer.
- Gorbahn-Orme, Adeline og Franz Josef Hausmann. 1991. The dictionary of false friends. Í Franz Josef Hausmann, O. Reichmann, H. E. Wiegand og L. Zgusta (ritstj.), *Wörterbücher. Dictionaries. Dictionnaires. Ein internationales Handbuch zur Lexikographie*, 2882–2888. Berlin og New York: Walter de Gruyter.
- Kim-Werner, Samhwa. 1996. *Phraseologisches Wörterbuch: Deutsch-Koreanisch. Am Beispiel der somatischen Phraseologismen*. Seoul: Yulin-Madang.
- Kotb, Sigrun. 2002. *Körperteilbezogene Phraseologismen im Ägyptisch-Arabischen*. Wiesbaden: Reichert Verlag.
- Krohn, Karin. 1994. *Hand und Fuß. Eine kontrastive Analyse von Phraseologismen im Deutschen und Schwedischen*. Gautaborg: Acta Universitatis Gothoburgensis.
- Kroschewski, Annette. 2000. *False friends und true friends. Ein Beitrag zur Klassifizierung des Phänomens der intersprachlich-heterogenen Referenz und zu deren fremdsprachendidaktischen Implikationen*. Frankfurt am Main etc.: Peter Lang.
- Lakoff, George og Zoltán Kövecses. 1987. The cognitive model of anger inherent in American English. Í Dorothy Holland og Naomi Quinn (ritstj.), *Cultural models in language and thought*, 195–221. Cambridge: Cambridge University Press.
- Maynard, Michael L. og Senko K. Maynard. 1993. *101 Japanese idioms. Understanding Japanese language and culture through popular phrases*. Lincolnwood: Passport Books.

- Mejri, Salah. 2003. La stéréotypie du corps dans la phraseologie: approche contrastive. Í Harald Burger, Gertrud Gréciano og Annelies Häcki Buhofer (ritstj.), *Flut von Texten – Vielfalt der Kulturen. Ascona 2001 zur Methodologie und Kulturspezifität der Phraseologie*, 203–217. Baltmannsweiler: Schneider.
- Mieder, Wolfgang. 1992. *A dictionary of American proverbs*. New York og Oxford: Oxford University Press.
- Neuhaus, H. Joachim. 1988. False friends, Frege's sense, and word-formation. Í Werner Hüllen og Rainer Schulze (ritstj.), *Understanding the lexicon. Meaning, sense and world knowledge in lexical semantics*, 252–257. Tübingen: Max Niemeyer.
- Paczolay, Gyula. 1997. *European proverbs in 55 languages with equivalents in Arabic, Persian, Sanskrit, Chinese and Japanese*. Veszprém: Nyomda.
- Piirainen, Elisabeth. 1999. Falsche Freunde in der Phraseologie des Sprachenpaares Deutsch-Niederländisch. Í Annette Sabban (ritstj.), *Phraseologie und Übersetzen. Phrasematia II*, 187–204. Bielefeld: Aisthesis Verlag.
- Piirainen, Elisabeth. 2000. *Phraseologie der westmünsterländischen Mundart*. Baltmannsweiler: Schneider.
- Piirainen, Elisabeth. 2001a. Der hat aber Haare auf den Zähnen! Geschlechtsspezifität in der deutschen Phraseologie. Í Rudolf Hoberg (ritstj.), *Sprache – Erotik – Sexualität*, 284–307. Berlin: Erich Schmidt Verlag.
- Piirainen, Elisabeth. 2004a. False friends in conventional figurative units. Í Csaba Földes og Jan Wirrer (ritstj.), *Phraseologie als Gegenstand sprach- und kulturwissenschaftlicher Forschung*, 311–321. Baltmannsweiler: Schneider.
- Piirainen, Elisabeth. 2004c. Culture in figurative language: “Standard Average European” vs. dialects. Í T. Baccouche, Harald Burger, Annelies Haeck-Buhofer og Salah Mejri (ritstj.), *L'espace euro-méditerranéen: Une idiomaticité partagée. Actes du colloque international (Hammamet 19, 20 & 21 septembre 2003)*, vol. 2, 339–354. Túnis: Cahiers du CERES.
- Rajštein, Aleksandr D. 1980. *Sopostavitel'nyj analiz nemeckoj i russkoj frazeologii* [Contrastive analysis of German and Russian phraseology]. Moskva: Vyssšaja škola.
- Simpson, John. 1992. *The concise Oxford dictionary of proverbs*. 2. útg. New York og Oxford: Oxford University Press.
- Wandruszka, Mario. 1979. Falsche Freunde: Ein linguistisches Problem und seine Lösung. *Lebende Sprachen. Zeitschrift für fremde Sprachen in Wissenschaft und Praxis*. 24. 4–9.
- Wotjak, Barbara. 1992a. *Verbale Phraseolexeme in System und Text*. Tübingen: Max Niemeyer.
- Wotjak, Barbara og Manfred Richter. 1993. *Sage und schreibe. Deutsche Phraseologismen in Theorie und Praxis*. Berlin etc.: Langenscheidt & Enzyklopädie.
- Zhu, Kaifu. 1998. *Lexikographische Untersuchungen somatischer Phraseologismen im Deutschen und Chinesischen*. Frankfurt am Main etc.: Peter Lang.